

HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: Landsnet hf.
kt. 580804-2410

Starfsstöð: Tengivirki Valþjófsstað í Fljótssdal, lóð A1
Fastanúmer: 231-8010

Leyfið gildir frá 16. desember 2019 til 16. desember 2031

Um er að ræða starfsleyfi fyrir stóra spennistöð
skv. lið 9.2 í viðauka X með reglugerð 550/2018 m.s.br.

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

HEILBRIGÐISEFTIRLIT
Drofn Svabjörnsdóttir
ALLS SVANBJÖRNSDÓTTIR

heilbrigðisfulltrúi



HAUST
Heilbrigðiseftirlit Austurlands

Starfsleyfisskilyrði

Heilbrigðisnefndar Austurlands

Starfsleyfishafi: Landsnet hf.
kt. 580804-2410

Starfsstöð: Tengivirki Valþjófsstað í Fljótsdal, lóð A1

Fastanúmer Fastanúmer: 231-8010

Leyfið gildir frá 16. desember 2019 til 16. desember 2031

Um er að ræða starfsleyfi fyrir:

- **stóra spennistöð**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt neðangreindum lögum og á grunni umsóknar dags. 5. júní 2019.

Lög sem um starfsemina gilda eru m.a.

- *Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.*

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda s.s.

- *Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit*
- *Reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi*

1. Skilyrði sem gilda

Um er að ræða tengivirki sem rekið er á 130/220 kV spennu.

- Annars vegar er innitengivirki, GIS-virki (Gas Insulated Substation) með SF₆ rofabúnaði
- Hins vegar eru fjórir olúfylltir aflspennar, tveir 75 MVA og tveir 5 MVA.

Um starfsemina gilda m.a.

- *Reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi*
- *Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi*
- *Starfsleyfisskilyrði fyrir stórar spennistöðvar*
- *Reglugerð nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins.*

2. Lýsing á búnaði og mengunarvarnir

Starfsleyfishafi skal eins og kostur er fyrirbyggja eða draga úr mengun lofta, láðs og/eða lagar sem kann að stafa frá starfsemi fyrirtækisins með viðeigandi aðferðum og mengunarvarnarbúnaði.

Starfsleyfishafi skal beita samþættum mengunarvörnum þar sem það á við, svo að ráðstafanir til að

draga úr tiltekinni mengun í einum viðtaka valdi ekki eða auki mengun í öðrum. Beita skal bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir í þeim tilvikum sem hún hefur verið skilgreind. Engar breytingar verði gerðar á frárennsli sem skerði mengunarvarnir sem fyrir eru né takmarki möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni.

2.1. Innitengivirki með mengunarvörnum

Einangrunarmiðill í GIS kerfinu er brennisteinshexaflúoríð $SF_6(g)$.

Í 245 kV hluta búnaðarins (B105) eru 3.400 kg af SF_6 gasi

Í 145 kV hluta búnaðarins (B65) eru 353 kg af SF_6 gasi

Mengunarvarnir byggja á gasskynjurum og þrýstimælum.

- Ef þrýstingur fellur í gashólfi með SF_6 er það merki um gasleka. Þrýstimælar senda viðvörðun til stjórnstöðvar ef þrýstingur fellur.
- Gasmælar sem skynja SF_6 gas eru á fjórum stöðum í húsinu, hússkynjarar. Þeir gefa frá sér viðvörðun til stjórnstöðvar ef SF_6 gas fer yfir ákveðið magn. Ennfremur eru starfsmenn sem vinna inni í stöðinni með persónulega SF_6 skynjara.

2.2. Útispenningar með mengunarvörnum

Útispenningar eru fjórir. Mesta olía á spennu er um 42 þús. lítrar.

Spennarnir standa í spennasellum austan við bygginguna. Undir spennunum fjórum er hallandi steipt plata að rás með mól yfir. Mólin myndar eldgildru. Framan við rásina er hár stallur, sem kemur í veg fyrir að olía renni fram fyrir hana.

Sjálfvirkur sívöktunarbúnaður er á spennum, hann er tengdur við stjórnstöð Landsnets og lætur vita ef olía lækkar á spennum.

Afrennslisflötur undir spennunum er um 270 m². Fráveita frá þeim fer um rásina og til olíuskilju. Olíuskiljunni er ætlað að virka sem lekavörn og einnig sem stórslysavörn. Sjá kafla 2.4.

Ef vatn stendur í rásum undir spennum skal fjarlægja það að lágmarki tvisvar árlega og hreinsa rásina af rusli og gróðurleifum.

2.3. Flatgryfja

Á flatgryfju sunnan við stöðvarhúsið eru geymdir olíugeymar og/eða varaspennir. Mesta magn olíu á einingu í flatgryfjunni eru rúmlega 48.300 lítrar.

Í olíugeymum er geymd olía tímabundið þegar viðgerðir og viðhald er á spennum eða varspenna þegar viðgerðir fara fram.

Flatgryfjan er um 107 m² að flatarmáli (10 x 10,7 m). Fráveita frá flatgryfjunni er leidd um niðurfall að sömu olíuskilju og tekur við fráveituvatni frá undirlagi útispenna.

2.4. Mengunarvarnir fráveitu – olíuskilja

Olíuskilja tekur við fráveituvatni frá spennabróm og flatgryfju. Ekki er um að ræða lokaðar lekavarnaþræur undir útispennum, heldur er olíuskiljunni ætlað að virka sem stórslysavörn. Flatgryfjan er með niðurfalli og ekki er loki á fráveitu frá henni.

Um er að ræða steinsteypta þyngdarafllsskilju sem er 55 þús lítrar að stærð með 45,8 þús lítra olíurými. Sýnatökubrunni skal komið fyrir á fráveitulögn frá olíuskiljunni. Fráveituvatn er leitt í jarðvegssvelg.

Reglubundnu eftirliti skal sinnt með olíuskiljunni, það skráð og dagsett í rekstrarhandbók innra eftirlits stöðvarinnar.

Olíuskilju, sandföng og rennur skal tæma og hreinsa eftir þörfum og með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunnar um olíuskiljur. Viðurkenndur aðili með tilskilin leyfi skal annast tæmingar og skal það gert eftir þörfum. Alla þjónustu, eftirlit og viðhald skal skrá og dagsetja í rekstrarhandbók stöðvarinnar.

2.5. Mengunarvarnabúnaður

Mengunarvarnarbúnaður, t.d. sérstök ídræg efni eða mottur, skal vera tiltækur til að bregðast við minni mengunaróhöppum. Auk þess skal hafa tiltækan búnað til að loka niðurföllum eða hindra á annan hátt að olía geti borist í niðurföll.

Heilbrigðiseftirlitið getur í sérstökum tilvikum gert kröfu um lokubúnað á olíuskilju til að koma í veg fyrir að mengandi efni berist í fráveitu ef óhapp verður.

2.6. Rafgeymar

Í aðstöðunni eru tvö rafgeymarými í kjallara. Í hvoru rými eru 54 sellur af sýrugeymum. Rafgeymarými eru með niðurföll í gólfum og þar er neyðarsturta.

Til að fyrirbyggja að sýra eða leki frá rafgeymum geti borist í niðurföll hafa verið settir listar á gólf milli niðurfalla og rafgeyma.

2.7. Efnavara

Efnavöru skal haldið í lágmarki í aðstöðunni og skal hún geymd í spilliefnageymslu í kjallara hússins. Ef niðurfall er í rýminu skal hafa vöruna í lekabyttum.

2.8. Mengunarvarnir skólps

Fráveita frá starfsmannaaðstöðu er leidd í rotþró, sem er samnýtt með starfsstöð Landsvirkjunar, Fljótsdalsstöð.

Rotþró skal að jafnaði tæmd annað hvert ár af aðila sem hefur til þess starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd.

Um fráveitur gilda m.a.:

- *Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólps*
- *Reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru.*

3. Prófanir og sýnatök

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga, sem kveðið er á um í starfsleyfi þessu. Prófanir og úttektir skulu vottaðar af viðurkenndum úttektaraðila.

3.1. Sýnataka af fráveitu m.t.t. olíumengunar

Rekstraraðili skal láta taka sýni af fráveituvatni frá olíuskilju á þriggja ára fresti, fyrst innan árs frá útgáfu starfsleyfisins. Til að unnt sé að taka sýni skal útbúa sýnatökubrunn. Rannsaka skal magn olíu/fitu í fráveituvatninu.

Losunarmörk eru að hámarki 15 ppm af olíu í fráveituvatni frá skiljunni. Mælist mengun yfir mörkum skal fyrirtækið grípa til ráðstafana til að draga úr menguninni og taka sýni á ný innan 4ra vikna. Þetta skal endurtaka þar til olía í fráveituvatni er innan viðmiðunarmarka. Rannsóknaniðurstöður skulu sendar til Heilbrigðiseftirlits Austurlands og skráðar í rekstrarhandbók starfstöðvar.

3.2. Sjálfvirkur búnaður

Rekstraraðili skal láta prófa allan sjálfvirkan búnað, s.s. nema, loka o.þ.h., árlega. Niðurstöður skal færa í rekstrarhandbók starfstöðvar.

4. Handbók innra eftirlits, rekstrarhandbók

Rekstraraðili skal halda rekstrarhandbók fyrir starfstöðina sem skal vera aðgengileg fyrir eftirlitsaðila.

4.1. Tæknilegar upplýsingar

Í handbókinni skulu koma fram tæknilegar upplýsingar um helstu mannvirki sem og spenna, olíugeyma, olíu- og sandskiljur og lagnakerfi, þ.m.t. fráveitulagnir, mengunarvarnir, slökkvibúnað, útsláttarrofa fyrir dælu- og rafbúnað eftir því sem við á.

Lagnateikning skal vera til staðar í starfsstöðinni með upplýsingum um legu og fyrirkomulag frárennislagna og hreinsivirkja.

4.2. Innra eftirlit

Viðhafa skal reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstarþáttum sem geta haft áhrif á mengun og/eða losun efna út í umhverfið. Skráningar skulu vera aðgengilegar heilbrigðisfulltrúa í eftirliti.

Í handbókina skal skrá og dagsetja innra eftirlit með eftirtalin atriði ef við á.

- Magn og gerð spilliefna sem skilað er til móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar
- Alla þjónustu, eftirlit og viðhald á olíu- og sandskiljum. Við tæmingu skal skrá magn sands og olíusora sem er tekið.
- Rannsóknaniðurstöður sýnatöku fráveitu frá olíuskilju.
- Árlegar prófanir á sjálfvirkum búnaði.
- Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
- Fræðsla og þjálfun starfsmanna.

5. Annað sem varðar starfsemina

5.1. Meðferð úrgangs

Allur úrgangur skal meðhöndlaður í samræmi við reglur sveitarfélagsins.

Spilliefni og hvers konar efni sem unnt er að endurvinna og endurnota skulu flokkuð sér og flutt til móttöku skv. reglum þar um og taka kvittun til staðfestingar á réttum skilum.

Um úrgang gilda m.a.:

- *Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs*
- *Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs*
- *Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni*

5.2. Lóð og umhverfi

Umgengni um lóð og athafnasvæði skal vera góð og lóðamörk skulu virt.

Ekki er heimilt að geyma óviðkomandi tæki, hluti eða vélar á lóðinni.

6. Mengunarslys

Komi til atvika sem geta haft umtalsverð áhrif á umhverfið skal tafarlaust gripið til ráðstafana til að hindra að efni eða úrgangur berist í umhverfið eða í niðurföll.

Slík atvik skal tilkynna til Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

7. Starfsemi hætt

Verði rekstri hætt skal tilkynna Heilbrigðieftirliti Austurlands skriflega með a.m.k. mánaðar fyrirvara. Fjarlægja skal geyma, lagnir og annan búnað sem tengist starfseminni af og úr jörðu og skilja við svæðið þannig að sem minnst ummerki verði eftir í samræmi við fyrirfram gerða áætlun sem skal liggja hjá Heilbrigðiseftirlitinu og öðrum hlutaðeigandi. Komi í ljós mengun í jarðvegi skal fyrirtækið láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf, og sjá til þess að úrgangi sé fargað á viðkenndan hátt. Við ákvörðun um athugun á athafnasvæði, mat á mengun, hreinsunarpörf og hreinsiaðgerðir skal haft fullt samráð við Heilbrigðiseftirlitið. Niðurrif olíugeyma, olíuskilja og lagna er byggingaleyfisskylt.

8. Frestir og kröfur vegna starfsleyfis

Innan árs frá útgáfu starfsleyfisins skal búið að tengja sýnatökubrunn á fráveitu frá olíuskiljunni.

Innan árs frá útgáfu starfsleyfisins skal leggja fram endurreikning á afkastgetu olíuskiljunnar miðað við að frá því hún var hönnuð hefur 100,7 m² flatgryfju verið bætt við aðrennslissvæðið sem fyrir var, þ.e. 270 m² fleti undir spennunum. Nota skal 10 mínútna hámarksregn í reiknilíkani. Einnig skal sýnt fram á hvernig fyrirtækið hyggst uppfylla ákvæði í gr. 3.2. í starfleyfisskilyrðum fyrir stórar spennistöðvar um að lekaþró skuli geta tekið við að minnsta kosti rúmmáli þess spennis sem stendur á þrónni og er með mesta magn olíu.

16. desember 2019

Virðingarfyllst,

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svabjörnsdóttir

heilbrigðisfulltrúi

Viðauki

við starfsleyfi starfsstöðvar Landsnets Valþjófsstað í Fljótsdal, lóð A1.

Yfirlit yfir starfsstöðvar, búnað og efnavöru á starfsstöðvum:

Aðstöðuhús		
GIS kerfi	Gas Insulated Substation	SF6 = brennisteinshexaflúoríð gas
	245 kV hluti (B105)	3.400 kg af SF6
	145 kV hluti (B65)	353 kg af SF6
Rafgeymar	Tvö sett	Gelgeymar í lekabyttum. Niðurföll eru í gólfum rafgeymarýma. Listar varna leka beint í niðurföll
Rotþró	Fráveita leidd í rotþró Fljótsdalsstöðvar sem er með starfsleyfi Landsvirkjunar.	

		Olíumagn á spennum	
Útispennar:	Staðsetning:	Lítrar:	Kg:
nr. 8 nýr	syðst í lekaþró austan húss	41.573	37.000
nr. 1	Einangrunarspennar, standa	2 x rúml.	3.400
nr. 2	saman í miðju	3.800	3.400
nr. 8 gamli	nyrst í lekaþó austan húss	48.000	rúml. 42.700
Spennir nr. 7	stendur í flatgryfju sunnan við húsið	rúml. 48.300	43.000